

Fagráðsfundur 21. nóvember 2012, haldinn að Hesti

Mættir:

Guðný Helga Björnsdóttir, formaður fagráðs

Sigurður Loftsson

Sigurgeir Hreinsson

Þórarinn Leifsson

Baldur Helgi Benjamínsson

Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir

Gunnar Guðmundsson

Björn Gunnarsson

Bragi Líndal Ólafsson

Fjarverandi:

Grétar Hrafn Harðarson

Þorsteinn Ólafsson

1. Afgreiðsla umsókna í þróunarsjóð nautgriparæktarinnar

Óráðstafað í sjóðnum eru nú 16,085 milljónir króna. Listi yfir umsóknir hefur áður borist í tölvupósti til fagráðsmanna ásamt gögnum um hverja umsókn fyrir sig.

1.1 Umsókn frá Atvinnuþróunarfélagi Eyjafjarðar ehf. **Efnahagsleg áhrif**

eldsneytisframleiðslu í Eyjafirði. Sótt er um styrkupp hæð 2,5 milljónir. Baldur Helgi gerir stuttlega grein fyrir stöðu verkefnisins enda kemur hann að því sem faglegur ráðgjafi. Í kjölfarið spinnast umræður um önnur verkefni af svipuðu tagi svo sem hjá Norðurorku og að einnig sé Landbúnaðarháskólinn að efla rannsóknir varðandi orkumál í landbúnaði. Fagráð er jákvætt gagnvart verkefninu en hvetur til þess að leitað verði eftir samstarfsflötum við aðra aðila sem séu að vinna að svipuðum verkefnum. Mikilvægt sé að samnýta krafta þannig að ekki sé verið að vinna að sömu hlutunum hjá mörgum mismunandi aðilum enda sé mikilvægt að ná vel utan um þessa þætti. Fagráð vill einnig gjarnan fá frekari upplýsingar um aðra fjármögnun og ekki er tekin afstaða til hugsanlegrar styrkupp hæðar að svo stöddu.

1.2 Umsókn frá Snorra Sigurðssyni. **Vadiumælingar og vinnubrögð við mjaltir.** Sótt um 500 þús. Spennandi verkefni og þarft sérstaklega áhugavert að gert er ráð fyrir að þátttaka bænda sé mikilvægur þáttur. Nauðsynlegt að hægt sé að fylgja þessu eftir með frekari ráðgjöf á Íslandi og að þekkingin sé skilin eftir í landinu. Fagráð ákveður að veita umbeðinn styrk en óskar eftir því að verkefnið muni leiða til þess að þekking á mælingu sem þessum verði til innanlands og geti nýst áfram.

1.3 Umsóknir frá Landbúnaðarháskóla Íslands vegna BS verkefna. Sótt er um fyrir fjögur BS verkefni. Rætt er um að samræma úthlutanir til BS verkefna svo tryggt sé að nemendur sitji við sama borð og að jafnræðis sé gætt varðandi úthlutanir. Ákveðið er að setja þá vinnureglu að styrkur Fagráðs í nautgriparækt til BS verkefna sé að hámarki 250 þúsund krónur eða sem nemur útlögðum kostnaði upp að því marki. Þó sé hægt að skoða frekari fjárveitingu sé umfang verkefnisins þess eðlis. Sé sótt um styrk til annara aðila til stuðnings fyrir útlögðum kostnaði gerir Fagráð í nautgriparækt ráð fyrir að stuðningur við verkefni verði hlutfallslegur á móti öðrum stuðningsaðilum. Markmið með stuðningi við BS verkefni sé að hvetja nemendur til að takast á við verkefni sem tengjast nautgriparækt og að hvetja til þess að unnin séu

verkefni sem efla greinina.

Eftirfarandi BS verkefni sóttu um styrk og fengu úthlutað í samræmi við áður nefndar vinnureglur.

- 1.3.1 **Efnainnihald og nýting á hálbundnu taði.** Sótt um 250 þúsund. Úthlutað 125 þúsund krónum (einnig sótt um stuðning til fagráðs í sauðfjárrækt)
 - 1.3.2 **Áhrif útiveru á framleiðsluþætti og vinnutíma í mjaltapjónafjósum.** Sótt um 250 þús. Úthlutað 250 þúsund krónum.
 - 1.3.3 **Átgeta íslenskra geldneyta borið saman við útreikninga NorFor.** Sótt um 237 þúsund. Úthlutað 237 þúsund krónum.
 - 1.3.4 **Brjóstmal og þungi íslenskra kúa.** Sótt um 355 þúsund. Úthlutað 250 þúsund krónum.
 - 1.4 Umsókn frá Landbúnaðarháskóla Íslands vegna MS verkefnis Lilju Guðnadóttur. **Átgeta íslenskra mjólkurkúa.** Sótt er um styrk til tveggja ára. 1,5 milljón hvort ár. Fagráð telur verkefnið áhugavert og mjög þarft. Athugasemdir eru gerðar við uppsetningu umsóknarinnar þar sem óljóst er fyrir hvaða kostnaðarliði sótt er um. Fagráð styrkir fyrst og fremst vinnu nemenda og útlagðan kostnað við svona verkefni en ekki áætlað álag eða til að greiða hlutdeild í launum fólks sem nú þegar er á launaskrá hjá þeim stofnunum sem að verkinu koma. Fagráð samþykkir að veita 1,5 milljónir í verkefnið hvort ár (2013 og 2014) vegna launa nemanda, séu þau sannarlega greidd, og kostnaðar við efnagreiningar.
 - 1.5 Umsókn frá Landbúnaðarháskóla Íslands. **Framtíð byggkynbóta– Íslandsbygg 2.0.** MS verkefni, nemandi óskilgreindur. Sótt er um 3,6 milljónir til tveggja ára (2,4 millj. árið 2013 og 1,2 millj. árið 2014). Byggkynbætur hafa á undanförunum árum verið styrktar í ljósi slæmrar stöðu Framleiðnisjóðs landbúnaðarins en nú hefur hann verið endurvakinn og því telur Fagráð í nautgriparækt rétt að benda umsækjendum á að beina umsókninni þangað.
 - 1.6 Umsókn frá Landbúnaðarháskóla Íslands. **Fóðrunarvirði smárablandna.** MS verkefni, nemandi óskilgreindur. Verkefnið er jarðræktarverkefni sem alla jafna eru ekki styrkt. Ekki virðist vera kominn nemandi í verkefnið. Fagráð telur verkefnið hafa augljósa skörun við nautgriparæktina og sé áhugavert, enda sé eftirsóknarvert að fá fleiri aðila sem menntaðir séu á sviði fóðurfræði inn í greinina. Í eðli sínu tilheyrir verkefnið þó sviði jarðræktar og því telst eðlilegra að um sé sótt í Framleiðnisjóð landbúnaðarins.
 - 1.7 Tekin er fyrir, fyrirspurn frá Lbhí um stuðning við „postdoc“ stöðu til 3 ára. Fagráð í nautgriparækt telur að fagfé nautgriparæktarinnar sé betur varið til að styrkja þau verkefni sem sækja um í sjóðinn og þar sem fé sjóðsins er takmarkað þá mun stuðningur sem þessi verða til þess að draga þurfi úr stuðningi við önnur verkefni.
 - 1.8 Umsókn frá Bændasamtökum Íslands – **TINE-Optifor- Ísland** Framhaldsumsókn 1,25 milljónir. Fagráð samþykkir að veita framhaldsstyrk að umbeðinni upphæð til þessa verkefnis.
 - 1.9 Umsókn frá Bændasamtökum Íslands – **Átaksverkefni í nautgriparækt með áherslu á frjósemi.** Sótt um 750 þúsund. Stærsti kostnaðarliðurinn liggur í komu sérfræðinga frá Noregi nýliðið haust. Fagráð veitir verkefninu umbeðinn styrk.
2. **Niðurstöður kynbótamats og áframhaldandi umfjöllun um nautaárgang 2006.**
Niðurstöður kynbótamats lagðar fyrir fundinn auk ítarlegri upplýsingar um nautaárgang 2006.

Einnig eru fyrstu niðurstöður fyrir afkvæmadóm árgangs 2007 lagðar fram. Hvað nautaárgang 2006 varðar þá var tekin ákvörðun um hluta hans síðastliðið vor en í ljósi nýs kynbótamats eru tvö naut til viðbótar tekin til framhaldsnotkunar þau Víðkunnur 06034, Þrasasonur frá Víðiholti, Reykjahverfi, tekinn inn með A dóm og Töfri 06043, Umbasonur frá Ytri-Tjörnum í Eyjafjarðarsveit, tekinn inn með B dóm. Áður höfðu þeir Koli 06003, Baldi 06010 og Kambur 06024 verið teknir inn með A dóm Hjarði 06029 var í vor tekinn inn með B dóm en hefur hækkað í mati og fær nú A dóm. Logi 06019 og Dynjandi 06024 höfðu áður hlotið B dóm og verða áfram notaðir sem kýrfeður. Önnur naut úr þessum árgangi munu að óbreyttu ekki koma til framhaldsnotkunar. Ákveðið er að fresta allri umfjöllun um nautaárgang 2007 enda er ekki nema eitt naut komið með fleiri en 30 dætur með fullt fyrsta mjaltaskeið.

Ný nautaskrá mun verða gefin út og í henni verða 21 naut (sjá fylgiskjal) en ákveðið er að taka úr notkun þá Mána 03025, Renning 05014 og Herkúles 05031 sem voru í fyrri skrá. Önnur naut í þeirri skrá verða áfram í notkun. Í ljósi gríðarmikillar notkunar á nautsfeðrunum Vindli 05028, Birtingi 05043 og Kola 06003 þá munu þeir ekki verða merktir sem nautsfeður í næstu skrá, þar sem fyrirsjáanlegt er að mikið muni koma af kálfum undan þeim nú á næstu mánuðum. Jafnframt er ákveðið að taka Framma 05034 út sem nautsfeður þar sem óeðlilega mikil vanhöld eru á kálfum undan honum við burð. Merktir sem nautsfeður í næstu skrá verða Baldi 06010, Kambur 06022, Hjarði 06029 og Víðkunnur 06034.

Rætt er um að bæta við upplýsingum um nautin í næstu skrá og nautgriparráðunaut falið að taka saman slíkt efni.

Viðmið við val nautsmæðra eru rædd og tillögur að breytingu á þeim viðmiðum lagðar fram sem miða að því að nota fremur heildareinkunn en afurðaeinkunn sem viðmið við val á grunnhópi nautsmæðra. Ákveðið að nautgriparráðunautur kynni þetta fyrir bændum í væntanlegri funduferð og ákvörðun verði síðan tekin á fundi fagráðs í janúar.

Nautgriparráðunautur fer jafnframt yfir hugmyndir um notkunar á forritinu EVA til að gera áætlun um þörun nautsmæðra og reyndra nauta með hliðsjón af kynbótagildi og skyldleika.

Að lokum ákveðið að verð á nautkálfum sem keyptir eru á nautastöðina verði óbreytt frá fyrra ári

3. Farið yfir ýmis mál sem fagráð hefur haft til umfjöllunar

3.1 Vinna við gátlista vegna hugsanlegs innskots erfðaefnis í kúastofninn (Fagráðsfundur 29. maí) – Lögð fram frumdrög

3.2 Hugmyndir um að beina stuðningi við mjólkurframleiðslu inn í kynbótastarfið (Fagráðsfundur 29. maí) – Lögð fram frumdrög

3.3 Áherslur og forgangsverkefni í rannsóknum (Fagráðsfundur 29. Maí) – Ekki lokið en gera þarf grein fyrir hvaða verkefni fagráð telur að leggja þurfi sérstaka áherslu á að fara í

3.4 Erfðaefni nautakjötsframleiðslunnar – Gerð grein fyrir stöðu mála

3.5 Betri bústjórn – Gerð grein fyrir stöðu mála

3.6 Tillögur að vinnureglum fyrir sölu á sæði til einstakra bænda (Fagráðsfundur 8. Nóv 2011) – Ekki lokið

3.6 Efling skýrsluhaldsins - Umræður

4. Önnur mál:

4.1 Rætt um tilfelli smitandi barkabólgu sem upp kom á Héraði í haust. Ljóst er að þetta er þörf áminning fyrir okkur öll. Sérstaklega þarf að huga að vinnulagi á Nautastöðinni með

Þetta í huga því sjúkdómur sem þessi hefði dreifst hratt hefði smitaður gripur komið inn á stöðina. Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir þeim aðgerðum sem gripið var til þegar ljóst var að um alvarlegan smitsjúkdóm var að ræða. Búið er að taka blóðsýni úr öllum nautum og skoða sérstaklega sæði úr þeim gripum sem komið hafa frá þeim búum sem sjúkdómurinn fannst á. Einnig hefur sæði úr holdagripum frá Hrísey verið skoðað sérstaklega. Engin merki hafa fundist um smit.

- 4.2 Framkvæmdastjóri LK tekur upp málefni nautakjötsframleiðslunnar og lýsir yfir áhyggjum sínum af minni ásetningi nautkálfa sem muni leiða til enn frekari skorts á innlendu nautakjöti. Ljóst sé að grípa þurfi til aðgerða ef ekki á að missa framleiðsluna úr landi.
5. **Að lokum** vill Fagráð í nautgriparækt færa til bókar sérstakt þakklæti til Magnúsar B. Jónssonar, sem lét af störfum síðastliðið sumar, fyrir gott samstarf og vel unnin störf í þágu íslenskrar nautgriparæktar.

Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir
fundarritari